

## Ivie Cornell Norris

Ivie Cornell Norris (f. 1935) bjó árið 1988 í Flórída. Sambýliskona hans var fíkniefnaneytandi. Á heimilinu bjó dóttir sambýliskonunnar, níu ára gömul. Sjálfur var Ivie fíkniefnaneytandi, giftur og faðir barns.

Nú þurfti sambýliskonan að fara á sjúkrahús til að leita sér lækninga vegna fíknar sinnar. Þegar móðirin kom heim, sýndist henni dóttirin hnuggin. Hún spurði því dótturina spjörunum úr m.a. með orðunum: „Og ég segi, þú verður að segja frá, hafi einhver unnið þér mein. Það er ekki þér að kenna.“ Þá kom frásögn stúlkunnar. Stjúpinn hafði ráðist að henni, skipað henni að fara úr nærbuxunum, lagst yfir hana og nauðgað.

Ivie var dæmdur til ævilangrar fangelsisvistar. Dómurinn var að öllu leyti byggður á framburði stúlkunnar sjálfar. Stúlkan útskýrði gjörninginn sem viðleitni til að losa mæðgurnar við Ivie af heimilinu. Skærur hinna fullorðnu fóru fyrir brjóstið á henni. Kvenkviðdómandi við réttarhöldin játaði, að trúverðugleiki stúlkubarnsins hefði ráðið úrslitum í vangaveltum kviðdómsins. „Það var erfitt að hugsa sér, að hún væri að ljúga,“ sagði kviðdómandinn. Hún kom svo vel fyrir, róleg í fasi og hlédræg jafnvel.“

Fagmenn „Heilbrigðis- og endurhæfingarþjónustunnar“ (Health and Rehabilitative Services) skoðuðu málið og komust að þessari niðurstöðu: „Frásögnin bögglaðist ekki fyrir barninu, hún sagði frá í smáatriðum og virtist trúverðug. Því er þetta pottþétt mál. Enda þótt heilbrigðisskoðun segi, hvorki af né á, er engin ástæða til að ætla, að barnið hafi spunnið þetta upp eða hafi nokkra ástæðu til að gera svo.“

Málið var enduruppekið, svo verjendur Ivie gætu fengið tækifæri til að yfirheyra sakarábera í sambandi við annað, sams konar mál. Þá voru tvö árin liðin og unga daman sá sig um hönd. Hún viðurkenndi í bréfi til móður sinnar, sem þá gisti fangelsi fyrir rán, að enginn fótur væri fyrir ákæru hennar. Henni hafði dottið snjallræðið í hug, eftir að hafa séð draumóradaagskrá í sjónvarpi, þar sem nauðgun var lýst. Áður hafi hana dreymt samræði við stjúpann. Ivie sat samtals 513 daga í fangelsi.

Það var ekki að sjá, að Ivie bæri nag til stjúpdótturinnar. „Hún hefur alltaf verið góður lygari,“ komst hann að orði, þegar hann kvaddi dómssalinn.

<https://www.tampabay.com/archive/1990/01/27/rape-recant-defendant-spent-more-than-a-year-in-jail-before-girl-11-changed-story/>

<https://www.upi.com/Archives/1990/01/28/Girl-admits-fabricating-rape-story/8059633502800/>